

Alþingi

Erindi nr. p 120/646

komudagur 15/1 1996



## BARNAVERNDARRÁÐ

Laugavegur 36 • 101 Reykjavík  
SÍMI5511795 & 5621588 • MYNDSENDIR 5624486

Alþingi  
150 Reykjavík  
b.t. Sólveigar Pétursdóttur, formanns  
allsherjarnefndar Alþingis

Reykjavík 11. janúar 1996

Barnaverndarráð hefur fjallað um frumvarp til laga um tæknifrjógvun, sem lagt var fyrir Alþingi á 120 löggjafarþingi 1995, samkvæmt beiðni yðar í bréfi dagsettu 4. desember 1995.

Með bréfi déms- og kirkjumálaráðuneytisins til Barnaverndarráðs, dagsettu 29. desember 1994, var óskað umsagnar ráðsins um tillögur tæknifrjógvunarnefndar að frumvarpi til laga um tæknifrjógvun. Í bréfi ráðuneytisins kemur fram að það sé einkum álitæfni í sambandi við tæknifrjógvun hvort heimila eigi gjöf kynfrumna, og þá sér í lagi eggfrumna. Hafi nefndin gert ráð fyrir að gjöf sæðisfrumna yrði leyfð en ekki tekið beina afstöðu til þess álitæfnis hvort heimila ætti eggfrumugjöf. Hafi því verið samdar tvær útgáfur af frumvarpi, útgáfa A þar sem eggfrumugjöf er bönnuð og útgáfa B þar sem eggfrumugjöf er leyfð.

Barnaverndarráð sendi ráðuneytinu umbeðna umsögn með bréfi dagsettu 2. febrúar 1995. Þar kemur m.a. fram að Barnaverndarráð teldi hagsmuni barna best tryggða með því að heimila aðeins tæknifrjógvun þar sem kynfrumur viðkomandi pars væru notaðar. Féllist löggjafinn ekki á þetta sjónarmið voru færð rök fyrir A-gerð frumvarpsins með þeim skilyrðum að tryggt yrði að þau börn sem getin væru með gjafasæði yrðu upplýst um tilurð sína, þ.e. þá staðreynd að þau væru getin með gjafasæði, einnig væri tryggt að þeim væri gefinn kostur á að leita tiltekinna upplýsinga um faðerni sitt, þó þannig að nafnleyndar væri gætt. Þar eð þessi tilhögun kynni að valda vandkvæðum og tilfinningafækjum í fjölskyldum taldi ráðið mikilvægt að komið yrði á fót fjölskylduráðgjöf sem styddi foreldra við að greiða úr þeim.

Sú leið hefur verið valin í frumvarpi því til laga um tæknifrjógvun, sem hér er til umfjöllunar að heimila notkun gjafakynfrumna, annaðhvort sæðis- eða eggfrumna. Þá er kveðið á um nafnleynd gjafa og bannað að veita honum upplýsingar um parið sem fær gjafakynfrumur og barnið.

Afstaða Barnaverndarráðs til þessa máls er óbreytt og vísast að öðru leyti til umsagnar ráðsins um tillögur tæknifrjógvunarnefndar.

Virðingarfyllst,  
f.h. Barnaverndarráðs

*Guðrún Erna Hreiðarsdóttir*  
Guðrún Erna Hreiðarsdóttir